

Heilbrigðisráðuneytið

7.nóvember 2022

Bt. Ásta Valdimarsdóttir

Efni: Beiðni um viðbótarfjárframlag vegna ófjármagnaðra stofnanasamninga

Eins og kunnugt er gera stofnanir stofnanasamninga við stéttarfélög og er markmiðið með þeim að hver og ein stofnun geti samið eftir þörfum og aðstæðum við tiltekin stéttarfélag. Það er mat undirritaðs að stofnanasamninga þurfi að útfæra betur m.t.t. fjármögnunnar enda er það svo að bæði starfsfólk og stéttarfélög gera kröfu um launa hækkanir í stofnanasamningum þrátt fyrir að þeir séu ófjármagnaðir. Heilbrigðisstofnanir landsbyggðarinnar hafa sett saman hóp með það að markmiði að gera stofnanasamningana eins fyrir þær stofnanir. Það er gert til að koma í veg fyrir yfirboð sem sannanlega er ekki rekstrargrunnur fyrir og í raun eru heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni sambærilegar að mestu leyti. Ófjármagnaðir stofnanasamningar Heilbrigðisstofnunar Austurlands árið 2022 eru:

Ár	Stéttarfélag	Upphæð
2021	Sálfræðingafélag Íslands	3.258.003
2021	Félag sjúkráþjálfara	7.998.486
2022	Sjúkraliðafélag Íslands	18.386.329
	Samtals	29.642.818

Ofangreindur kostnaður er árlegur kostnaður Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) vegna tiltekinna stofnanasamninga vegna ófjármagnaðra stofnanasamninga.

HSA óskar eftir viðbótarfjárframlagi að upphæð 29.642.818 kr til að mæta þessum kostnaði.

Guðjón Hauksson,

Forstóri HSA